

Hafnarfjarðarhöfn

Fjárhagsáætlun 2022

Greinargerð hafnarstjóra við framlagningu fjárhagsáætlunar



Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2022 byggir m.a. á eftirfarandi forsendum:

- Rekstur mun að mestu færast í eðlilegt horf eftir óvissu á Covid-tímum.
- Stöðugleiki verður í almennum lausaflutningum – asfalt, olía, sandur, salt og brotajárn.
- Úthafsveiðar Rússa og Grænlandinga verða með óbreyttu sniði frá undanförunum árum.
- Aflagjöld og vörugjöld verða sambærileg og á árinu 2021.
- Gert er ráð fyrir fjölgun í komum farþegaskipa á árinu 2022.
- Gjaldskrá hafnarinnar mun hækka í samræmi við verðlag eða um 2,5% frá 1. janúar 2022.
- Föstum starfsmönnum fjölgar um eitt stöðugildi.
- Launaliðir taka mið af kjarasamningum sem gilda til ársins 2023.
- Áhersla verður á endurbætur á eldri hafnarmannvirkjum- stálþil og bakkar.
- Framkvæmdir munu hefjast við uppbyggingu nýrrar smábátahafnar.
- Undirbúningsvinnu vegna mögulegrar stækkunar hafnaraðstöðu í Straumsvík framhaldið.
- Allar nýjar fjárfestingar verða greiddar af eigin tekjum hafnarinnar.

Helstu nýframkvæmdir á árinu 2022 verða:

- Haldið verður áfram orkuskiptum með öflugri landtengingu rafmagns á hafnarbökkum.
- Landfyllingar hefjast við nýja smábátahöfn, Hamarshöfn, utan við Vesturhamar.
- Unnið verður að endurbótum og styrkingu á Norðurgarði.
- Lokið verður við frágang á uppfyllingarsvæði milli Suðurbakka og Hvaleyrarbakka.
- Unnið verður við endurbætur í Flensborgarhöfn í samræmi við rammaskipulag.
- Framkvæmdir hefjast við nýtt uppsátur fyrir báta og kerrur við Hvaleyrarlón.

Samanburður áætlana 2021 og 2022


	2021	2022	Skýringar
Hafnargjöld	422.000	460.000	viðbót í vörugjöldum
Seld þjónusta	162.500	185.446	viðbót í farþegaskipum + rafm.
	584.500	645.446	
Leigutekjur	89.074	91.421	
Tekjur alls	673.574	736.867	
Launakostn.	226.308	255.529	Nýr starfsmaður
Lífeyrisskuldb.	17.756	18.570	
Vörukaup	48.900	58.600	aukin rafmagnskaup... orkuskipti
Þjónustukaup	112.569	127.052	aukið fjármagn í viðhald hafnarbakka
Annar kostnaður	11.815	12.087	skattar, styrkir og framlög, afsk. kröfur
Afskr. fastafjárm.	103.850	114.652	
Fjárm.gjöld/-tekjur	-705	-2.981	búið að greiða upp öll framkvæmdalán
Afkoma áætlað	151.864	153.358	



Almennur rekstur:

Eftir samdrátt á árinu 2020 vegna áhrifa Covit á komur farþegaskipa og vöruflutninga, var rekstur ársins 2021 jákvæðari með hækkandi heimsmarkaðsverði á áli og auknum komum farþegaskipa. Ljóst er að tekjur hafnarinnar munu aukast enn frekar á árinu 2022. Munar þar mestu um góða viðbót í vörugjöldum vegna aukinna flutninga og hækkunar á álverði, aukinna aflagjalda og fleiri farþegaskipa.

Heildartekjur hafnarsjóðs verða væntanlega um 720 milljónir kr. á árinu, en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 674 milljónum í heildartekjur. Í þeirri fjárhæð var ekki reiknað með neinum farþegaskipum þetta sumarið, en komur urðu 16 talsins, af nærri 30 sem áður höfðu verið bókaðar.

Tekjur vegna vöruflutninga voru um 135 milljónir fyrstu 8 mánuði þessa árs, en vorum 119 milljónir á sama tíma á sl. ári. Þá voru aflagjöld á fyrstu 8 mánuði ársins liðlega 79 milljónir en voru 64 milljónir á sama tíma árið 2020.






Reikna má með að aflagjöld á árinu 2021 verði um og yfir 100 milljónir, þrátt fyrir að engin makríl vertíð hafi orðið þetta haustið líkt og á sl. hausti, en mestu munar um aukningu í löndun á vorvertíð og góðri karfaveiði á Reykjaneshrygg. Heildartekjur hafnarinnar á fyrstu 8 mánuðum ársins 2021 voru um 468 milljónir eða líðlega 41 milljónum hærrí en á sama tíma í fyrra.

Launkostnaður er áætlaður um 230 milljónir á árinu 2021 og var á fyrstu 8 mánuðum ársins í fullu samræmi við launaáætlun. Ráðið var í viðbótarstöðu vélstjóra á sl. vori og aukið var við starfskraft í sumarafleysingum. Þá liggur fyrir að fjölga þarf hafnsögumönnum. Mikilvægt er að vera með breiðan hóp réttindastarfsmanna til að mæta því mikla álagi og útköllum sem þarf að sinna á háannartíma sem stendur frá því snemma á vori og vel fram á haust. Útfærslur sem tóku gildi í ársbyrjun varðandi styttingu vinnutíma hafa gengið vel eftir.

Almennur rekstrarkostnaður var að mestu í samræmi við áætlun. Viðhald á tækjum og búnaði hefur verið unnið sem mögulegt er starfsmönnum en stærri verkefni í aðkeyptri vinnu. Umtalsverðar endurbætur voru gerðar á dráttarbátnum Hamri í upphafi árs, en báturinn er líðlega 20 ára gamall og er nú í allra besta ástandi. Ljóst er að fara þarf í töluverðar endurbætur á Suðurbakka og Óseyrarbryggju á næstu árum, bæði stálþili og þekju, en þessi mannvirki eru nú að verða um hálftrar aldar gömul.





Norðurgarður - Orkuskipti

Stærstu framkvæmdir á vegum hafnarinnar á árinu 2021 var grjótvörn framan við gamla Norðurbakkann og fyrstu áfangar í uppbyggingu enn öflugri raftenginga á bæði Hvaleyrbakka og Suðurbakka.

Grjótvörnin við Norðurbakka er hluti af lokaframkvæmdum við strandlengju og strandstíginn frá Langeyrmölum að gamla slippsvæðinu. Eldra stálþilið við Norðurbakka er orðið um 60 ára gamal og víða illa farið. Grjótfyllingin við þilið er í sömu útfærslu og við strandlengjuna og fjarðarbotninn og grjótið sótt í Hamranesnámu.

Vestasti hluti þilsins er óhreyfður en þar er gert ráð fyrir að hægt sé dorga sem er vinsælt á Norðurbakkanum og einnig er gert ráð fyrir að hægt verði að koma fyrir flotbryggjum síðar meir út frá grjótgarðinum. Með þessari grjótfyllingu og fyrirhugaðri endurbyggingu Norðurgarðsins á komandi ári, er þess vænst að hægt verði að róa enn frekar vestanölduna í innri höfninni.

Á árinu var einnig ráðist í fyrstu áfanga vegna styrkingar á raftengingum á aðalhafnarbökkum. Þessi framkvæmd er liður í orkuskiptum, en stefnt er að því að hægt verði að landtengja allar stærðir fiski- og farmskipa og einnig flest þau farþegaskip sem koma til Hafnarfjarðarhafnar. Þannig verði mögulegt að draga sem kostur er úr keyrslu ljósavéla við hafnarbakka.

Tryggt hefur verið viðbótar afl uppá rúmlega 1 megavatt inná Hvaleyrbakka og einnig Suðurbakka. Tengibúnaður vegna háspennu er tilbúinn á Hvaleyrbakka og verður einnig lokið við framkvæmdir á Suðurbakka fyrir lok þessa árs. Þá er búið að ganga frá samningum um kaup á sérstökum færanlegum gámabúnaði frá norska fyrirtækinu PSW fyrir spennu- og riðabreytingar. Stefnt er að því að tengja þann búnaði við háspennukerfið á vordögum 2022.



Skipulags og umhverfismál:

Vinna við gerð aðalskipulags á grunni nýlega samþykkt rammaskipulags fyrir hafnarsvæði Flensborgarhafnar, Fornubúða og Óseyrar hefur staðið yfir fram eftir árinu 2021 og jafnframt er hafinn undirbúningur að vinnu við deiliskipulagsgerð. Stefnt er að því að framkvæmdir á nýju íbúðasvæði ofan Óseyrarbrautar geti hafist á árinu 2022 og þá munu samhliða fara af stað framkvæmdir við landfyllingu, grjótgard og nýja smábátahöfn við Vesturhamarinn austan við gamla slíppsvæðið.

Hafnarfjarðarbær undirritað viljayfirlýsingu við stjórnvöld og skólastjórn Tækniskólans um byggingu framtíðarhúsnæðis fyrir skólann við Suðurhöfnina. Stefnt er að því að niðurstaða greiningarvinnu liggja fyrir í lok nóvember á þessu ári. Verði af þessum framkvæmdum þá er ljóst að þær munu hafa töluverð áhrif á skipulag og umhverfi á suðurhluta hafnarsvæðisins. Huga þarf að endurskipulagningu vegna aðkomu að Suðurbakka og einnig hugsanlegan flutning á skrifstofu og starfsaðstöðu hafnarinnar.

Þá er hafinn undirbúningur hönnun á nýju hafnarsvæði í Straumsvík, á skerjasvæðinu norðan við Súralsbakkann, en samkvæmt gildandi aðalskipulagi er á því svæði er heimild fyrir landfyllingum. Fyrstu tillögur gera ráð fyrir allt að 7 ha. landfyllingu og um 300 m. viðlegukanti, en þessar framkvæmdir tengjast áætlunum um stórauðnar skipakomur í Straumsvík á komandi árum vegna innflutnings og niðurdælingar á kolefni í svonefndu Carbfix-verkefni.

Nýtt skipulag fyrir fyllingarsvæði utan Suðurgarðs var samþykkt fyrr á þessu ári og nú þegar eru hafnar þar framkvæmdir við byggingu á um 1000 fm. húsnæði fyrir starfsemi fiskmarkaðar og ísstöðvar. Einnig er í undirbúningi bygging á nýju húsnæði Trefja við Óseyrarbraut 26B og nýbygging Sóma-Víking báta við Óseyrarbraut 25, auk þess sem framkvæmdir eru í gangi við nýja þjónustustöð hjá Colas Hlaðbæ.

Hafnarfjarðarhöfn hefur lagt ríka áherslu á fylgja eftir samþykktri aðgerðaráætlun í umhverfisstefnu hafnarinnar. Þannig standa nú yfir víðtækar framkvæmdir við orkuskipti á báðum aðalhafnarbökkum og lokið verður við að endurnýja alla lýsingu á hafnarsvæði í Hafnarfirði og Straumsvík með led-lýsingum á komandi vetri. Allur úrgangur og spilliefni sem kemur frá skipum og hafnarsvæðinu er skráð í tölvukerfi sem umhverfisstofnun hefur beinan aðgang að. Virk umhverfisvöktun er á hafnarsvæðinu og unnið hefur verið umhverfisuppgjör fyrir Hafnarfjarðarhöfn og höfnin kolefnisjafnar sína starfsemi með samningi við Kolvið. Þá er unnið að endurskipulagningu á móttöku úrgangs frá skipum og víðtækari flokkun og þar sem lögð er áhersla á að draga sem kostur er úr kolefnislosun á hafnarsvæðinu.

Fjárfestingahreyfingar 2022 -2025

	2021	2021	2022	2023	2024	2025
	(áætlun)	(líklegt)	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun
Fjárfesting	265.000	260.000	262.000	388.000	796.000	750.000
Lóðasala	0	35.000	0	0	150.000	250.000
Fjárfestingahreyf.	265.000	225.000	262.000	388.000	646.000	500.000

<u>Sundurliðun framkvæmda</u>	<u>2022</u>	<u>Sundurliðun</u>	<u>2023</u>	<u>2024</u>	<u>2025</u>
Orkuskipti 2. áf. Hval - Suðurb.	122.000	Orkuskipti	88.000	96.000	50.000
Norðurgarður - grjótvörn- uppst.	50.000	Hamarshöfn	150.000	100.000	100.000
Hamarshöfn - landfyllingar	50.000	Flotbryggjur	50.000	100.000	100.000
Deiliskipulag Flsb.höfn - Hamarsh.	10.000	Norðurgarður	50.000		
Geymslusvæði - frágangur	15.000	Straumsvík	50.000	500.000	500.000
Straumsvík - undirbúningur	15.000	Samtals:	388.000	796.000	750.000
Samtals:	262.000				

Framkvæmdaáætlun til 2025:

Stærstu framkvæmdaverkefni á árinu 2023 verða framhald orkuskipta með öflugri tengibúnaði við bæði Hvaleyrarbakka og Suðurbakka, en framkvæmdir eru komnar vel á veg og gengið út frá því að hægt verði að tengja bæði frystiskip, fraktskip og farþegaskip í landtengingu frá og með miðju næsta ári. Jafnframt verður lokið við að koma upp Led-lýsingum á hafnarbökkum, bæði í Hafnarfjarðarhöfn og í Straumsvík.

Þá er ráðgert að hefja framkvæmdir við nýja Hamarhöfn undir Vesturhamri og jafnframt landfyllingar austan við gamla slíppsvæðið. Einnig verður haldið áfram við endurbyggingu Norðurgarðsins, með grjótfyllingum að utanverðu og uppsteypu á garðinum. Jafnframt verður farið í að ljúka frágangi á fyllingarsvæði utan Suðurgarðs og koma þar upp aðstöðu fyrir viðhald og smærri viðgerðir á minni bátum.

Einnig er í fjárfestingaráætlun fyrir 2022 og langtímaáætlun gert ráð fyrir fjármunum til hönnunar og undirbúnings uppbyggingar á nýju hafnarsvæði í Straumsvík. Stefnt er að því að verklegar framkvæmdir á svæðinu geti hafist ekki síðar en árið 2024.

Í langtímaáætlun til ársins 2025 er lögð áhersla á að ljúka stórverkefninu við orkuskipti á hafnarbökkum samhliða nýframkvæmdum við nýja Hamarshöfn fyrir smábáta og endurbótum í Flensborgarhöfn í samræmi við tillögur í rammaskipulagi.

Hafnarfirði 29. september 2021
Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri